# Lotteri.

—:o:—

Mikið var rætt um að stofna lotteri með lögum, á alþingi Íslands, í fyrra sumar. Eftirfylgjandi grein um lotteri tökum vjer úr ameriska tímaritinu ' Leslies Weekly", og munu flestir, er málið hugsa, vera henni samdóma.

"Þó það þýði margra millíóna dollara tap, fyrir ríkissjóðinn, þá sýnir Ítalía sanna framför í því, að afnema lotteri. Árið 1907—8 voru tekjur ríkis-lotterisins $16,680,000, og eftir að allur kostnaður og seðlar voru borgaðir, var afgangur í hreinum ágóða $8,680,000. En það sem í fljótu bragði virðist vera stór arður ríkisins, er ekki eingöngu algjört tap, meginþorra þeirra er kaupa í lotteriinu, heldur og líka það sem skaðlegra er, að með því er verið að örfa, meðal þjóðarinnar, fjárglapa og veðmála tilhneigingu, og skapa von um að mögulegt sje að afla sjer viðurværis án þess, að vinna til þess. Það virðist ganga seint að útrýma ríkislotteríum í Evrópu; Spánn, Austurríki, Holland og Prússland halda enn í þau, og renna seðlarnir út. Suður-Ameríku lýðveldin hafa einnig drýgt þá stóru yfirsjón, að hlynna að lotteríum sín á meðal, og þar með hlynna að iðjuleysi og fjárglæfraspilum meðal almenningsins".

---

**HEIMIR**

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar EINN DOLLAR um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únitariska Kyrkjufjelagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUNEFND:

Rögnv. Pétursson, ritstjóri, 533 Agnes St. Guðm. Árnason, Ó. Pétursson, ráðsmaður 45 Aikens Bldg.

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til ritstjórans, 533 Agnes St.
Peninga sendingar sendist til ráðsmannsins, 45 Aikens Bldg.

GIMLIPRENTSMIÐJAN.

ENTERED AT THE POST OFFICE OF WINNIPEG AS SECOND CLASS MATTER.